ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa - SRN19030066.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið/Eggert Ólafsson
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	11. júní 2019.

A. Úrlausnarefni

1. **Forsaga máls og tilefni:** Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða segir að enginn megi stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Þau séu tvenns konar, þ.e. veiðileyfi með aflamarki og veiðileyfi með krókaaflamarki. Með lögum nr. 82/2013 var nýrri málsgrein bætt við 4. gr. laga um stjórn fiskveiða sem segir að þeir bátar einir geti öðlast veiðileyfi með krókaaflamarki sem eru styttri en 15 metrar að mestu lengd og minni en 30 brúttótonn. Óheimilt sé að stækka bátana þannig að þeir verði stærri en þessu nemur.
2. **Hvert er úrlausnarefnið?** Að lagfæra réttarástand sem hefur skapast í kjölfar gildistöku laga nr. 82/2013. Í 3. gr. laga nr. 30/2007 eru smáskip skilgreind sem skip sem eru 12 metrar að skráningarlengd eða styttri. Á hverju fiskiskipi skal vera skipstjóri en annars er munur á því hvaða kröfur áhafnalög gera til mönnunar á skipum sem eru 12 metrar eða styttri annars vegar og skipa sem eru 12- 24 metrar, samkvæmt 12. gr. áhafnalaga. Á skipum sem eru styttri en 12 metrar að skráningarlengd má skipstjóri vera hinn sami og vélavörður sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn, enda taki vinnu- og hvíldartími mið af 64. gr. sjómannalaga. Að öðrum kosti skal vera vélavörður. Á skipum sem eru styttri en 24 metrar skal vera stýrimaður ef útivera skips fer fram úr 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili. Á skipi þar sem daglegur útivistartími er styttri en 14 klst. er heimilt að vera án stýrimanns, enda hafi skip fengið útgefna heimild þess efnis frá mönnunarnefnd. Á þessum skipum skal jafnframt vera yfirvélstjóri en farið útivera fram úr 14 klst á hverjum 24 klst. tímabili skal vera yfirvélstjóri og vélavörður.

   Samkvæmt þessu geta krókaaflamarksbátar verið 15 metra langir en með því falla þeir ekki lengur undir ákvæði áhafnalaga um smáskip, sem miðast við 12 metra, heldur skip 12-24 metra með þeim auknu kröfum til skipstjóra-, stýrimanna- og vélstjórnarréttinda. Ef sigling er styttri en 14 klst. þarf undanþágu frá mönnunarnefnd og má skipið þá vera án stýrimanns.
3. **Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?** Hagsmunaaðilar hafa komið á framfæri athugasemdir við lagaumhverfi í kjölfar lagabreytinganna 2013. Breytingin hafi einungis verið ætlað að snúa að viðmiðun við fiskveiðistjórnun. Raunin hafi verið sú að án heimildar frá mönnunarnefnd skv. 12. gr. áhafnalaga til að sigla án stýrimanns séu kröfur um mönnun skipa í ýmsum tilvikum orðin ríkari en fyrir breytingu. Þetta hefur leitt til þess að sækja þarf reglulega um heimild til mönnunarnefndar en á árinu 2017 fengu 138 bátar á stærðarbilinu 12-15m leyfi frá mönnunarnefnd til að sigla án stýrimanns.

B. Markmið

1. **Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki:** Stuðla að auknu öryggi, einfalda og auka sveigjanleika regluverks, samræma, skýra og einfalda stjórnsýslukerfið.
2. **Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda:**

Að réttindi handhafa smáskiparéttinda verði samræmd við önnur lög.

C. Leiðir

1. **Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?** Ósamræmi milli laga um stjórn fiskveiða og áhafnalaga viðhelst að því er varðar mönnun smábáta frá 12 til 15 metra.
2. **Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.** Önnur úrræði en lagasetning eru ekki möguleg til að leysa úr álitaefninu.
3. **Mögulegar leiðir við lagasetningu.** Ákvæði um mönnun skipa er að finna í lögum nr. 30/2007 um áhafnir fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa. Er eðlilegast að gera breytingu á lögunum.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. **Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.** Eins og áður segir er áformað að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 30/2007 um áhafnir fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa þar sem það er talin rétt leið til að lagfæra kröfur um mönnun smáskipa.
2. **Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.** Með frumvarpinu verður lögð til breyting á 12. gr. laga nr. 30/2007 sem uppfyllir tilsett markmið.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. **Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?** Nei.
2. **Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?** Nei.
3. **Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?** Nei.

F. Samráð

1. **Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?** Félag skipstjórnarmanna, Félag vélstjóra og málmtæknimanna, Landhelgisgæsla Íslands, Landssamband smábátaeigenda, Sjómannasamband Íslands.
2. **Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?** Nei.
3. **Samráð sem þegar hefur farið fram.** Samráð hefur ekki farið fram.
4. **Fyrirhugað samráð:** Að því er varðar almennt samráð verða áform um lagasetningu kynnt almenningi á samráðsgátt stjórnvalda. Þá verða drög að frumvarpi kynnt almenningi með sama hætti. Jafnframt verða áformin kynnt fyrir Siglingaráði.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. **Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal**

   Frumvarp þetta hefur ekki fjárhagsáhrif fyrir ríkið né sveitarfélög. Þá hefur það ekki íþyngjandi áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað eða samkeppni.

H. Næstu skref, innleiðing

1. **Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?** Já.
2. **Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almenningur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?** Ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort þörf sé á aðlögunartíma.
3. **Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?** Að ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 116/2006 sé ekki breytt þannig að ósamræmi myndist milli ákvæðisins og þeirrar lagasetningar sem hér er lögð til.

4. **Mælikvarðar á árangur og útkomu:** Fækkun umsókna um til mönnunarnefndar um heimild til að sigla án stýrimanns þegar skip er á stærðarbilinu 12-15 metrar.
5. **Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?** Ekki er vandkvæðum bundið að afla upplýsinga samkvæmt lið 4 hér að ofan hjá Samgöngustofu.]

I. Annað

[ ]

J. Fylgiskjöl

1. [**Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat**]